

Sveitarfélagið Vesturbyggð óskar eftir tilboðum í gerð deiliskipulags Látrabjargarsvæðisins. Skipulagsforsögnin er aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is). Í tilboði skal m.a. koma fram nöfn þeirra sem vinna munu verkið, menntun þeirra og starfsreynsla, á hvern hátt tilboðsgjafar ráðgera að skila verkefninu, tímagjald þeirra sem að verkefninu munu vinna, heildarkostnaður við verkið og hvenær því verði skilað. Gerð er krafa um að ráðgjafi hafi að lágmarki háskólamenntun í landslagsarkitektúr, arkitektúr eða skipulagsfræðum en geti að auki sýnt fram á reynslu og réttindi til að vinna skipulag skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðgjafi skal sýna fram á færni í framsetningu teikninga og myndefnis og hæfileika í mannlegum samskiptum. Umsóknir verða metnar bæði með tilliti til tilboðs en ekki síður með tilliti til hæfis umsækjenda s.s. gæða fyrri verka. Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri Vesturbyggðar, Ásthildur Sturludóttir, [asthildur@vesturbyggd.is](mailto:asthildur@vesturbyggd.is) s. 450-2300.

## Deiliskipulag Látrabjargssvæðisins - Keflavík-Breiðavík með tilliti til landnotkunar á svæðinu í heild frá Kleifaheiði að Látrabjargi

### *Skipulagsforsögn*

#### 1. Verkefnið

Þessi skipulagsforsögn er forsenda fyrir gerð deiliskipulags fyrir Látrabjargssvæði; Keflavík-Breiðavík en tekur til framtíðarstefnumótunar varðandi uppbyggingu og landnotkun á ofangreindusvæði með friðlýsingu og stofnun þjóðgarðs í huga. Í forsögninni er lýst stefnumörkun skipulagsyfirvalda, þ.e.a.s. Vesturbyggðar.

Landnotkun á svæðinu verður þjóðgarður, ferðapjónusta, landbúnaður, frístundabyggð og almennt útivistarsvæði.

#### 2. Forsaga

Svæðið frá Keflavík að Breiðavík er venjulega kallað Látrabjargssvæði. Í aðalskipulagi Vesturbyggðar, 2006-2018 er svæðið tilgreint sem verndarsvæði (hverfisvernd), en einnig er í náttúruverndaráætlun 2009-2013 gerð tillaga um að allt svæðið frá Látrabjargi að Kleifaheiði verði friðlýst skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999 sem þjóðgarður. Í tillögum vinnuhóps um framtíð Látrabjargs er gert ráð fyrir að friðlýsing nái einungis til Keflavíkur-Breiðavíkur í fyrsta áfanga. Í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 eru áningarstaðir ferðamanna flokkaðir og eru þeir 6 á svæðinu. Nú er ferðapjónusta og frístundabúskapur í Breiðavík og frístundabyggð á Hvallátrum. Á Látrabjargi er fjölsóttur ferðamannastaður við Bjartangarvita en þar vantar mikið upp á stýringu ferðamanna og upplýsingagjöf. Tjaldsvæði er á Brunnum við Hvallátra og í Breiðavík. Í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 segir:

#### *„Fólkvangur frá Kleifaheiði til Látrabjargs*

*Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúruverndaráætlun þar sem lagt er til að 75 svæði verði friðlýst. Um er að ræða allt land vestan þjóðvegjar um Kleifaheiði að Bjartöngum. Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km út í sjó en almennt eru mörkin um 100 m út í sjó. Látrabjarg er mikilfenglegt fuglabjarg, það stærsta við Norður-Atlantshaf*

*með stærstu álkubyggð í heimi en þar verpa að jafnaði 230.000 pör sem eru um 40-43% af evrópska stofninum. Mikið er um þjóðminjar en fyrrum var mikið útræði stundað frá Látravík og Breiðuvík. Dýralíf er fjölskrúðugt og nokkuð af sjaldgæfum plöntum. Vegna aukinnar ferðamennsku á svæðinu þarf að koma í veg fyrir rask með vegagerð og átroðningi gangandi fólks í viðkvæmu landi.“*

### 3. Afmörkun svæðisins

Svæðið sem deiliskipuleggja á markast af Breiðavík í norðri og Keflavík í suðri. Við deiliskipulagsvinnuna skal hins vegar einnig taka mið af svæðinu allt að Kleifaheiði en það er Patreksfjörður, Skor, Rauðasandur, Örylgshöfn, Hænuvík og Kollsvík, með mögulega stækkun þjóðgarðsins og heildarstefnumörkun svæðisins m.t.t. náttúruverndar, útivistar, ferðaþjónustu og sjálfbærrar þróunar í huga.

### 4. Forsendur og stefnumörkun

Deiliskipulag svæðisins skal vera í samræmi við stefnumörkun Vesturbyggðar í aðalskipulagi 2006-2018. Forsendur deiliskipulagsins er að:

- að skipulag Látrabjargssvæðisins ásamt aðliggjandi svæðum beri með sér heildaryfirbragð.
- að leggja áherslu á umhverfisleg og samfélagsleg gæði svæðisins til langrar framtíðar í anda sjálfbærrar þróunar.
- að bera virðingu fyrir sögulegri arfleifð, staðaranda og menningarlegu hlutverki svæðisins.
- að huga vel að aðgengismálum fyrir alla s.s. staðsetningu útsýnisstaða, gerð og legu stíga, aðkomu að þjónustu, gæði merkinga og öryggisþáttum.
- að öll hönnun mannvirkja byggi á vistvænni hugsun sem falli vel náttúru og menningarlandslagi svæðisins og gæta þess að sjónrænt yfirbragð manngerðs umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.
- að uppbygging og frágangur verði í hæsta gæðaflokki, sem eflir virkni og aðdráttarafl svæðisins.

Á áningarstöðum ferðamanna verði gert ráð fyrir aðstöðu, fræðslu og upplýsingagjöf, í frístundabyggð verði gert ráð fyrir að „þorpsmynd“ fái að halda sér og ákveðnir staðlar settir fyrir umhverfi og útlit húsa til þess að vernda staðarmyndina. Ennfremur verði gert ráð fyrir gönguleiðum og breytingu á akvegi í landi Hvallátra. Auk þess verði tekið tillit til núverandi búsetu og starfsemi á svæðinu. Þeir þættir sem þarf að skoða sérstaklega eru:

- a. Landnotkun-starfsemi
- b. Byggðamynstur og byggðahönnun
- c. Nýtingarhlutfall og fjöldi íbúðalóða
- d. Umferðarstýring og vegakerfi
- e. Göngustígar og áningastaðir ferðamanna
- f. Landvarsla
- g. Samfélagsmynd og menning svæðisins

## 5. Verkefnið: Gagnaöflun og fylgiskjöl

Gera tillögu að deiliskipulagi fyrir Keflavík-Breiðavík með tilliti til væntanlegs þjóðgarðs. Ennfremur skal litið til svæðisins sem umlykur Látrabjargssvæðið að Kleifaheiði. Sá sem verkið vinnur mun starfa náið með faglegum starfshópi um deiliskipulag svæðisins, en í honum sitja bærstjóri, fulltrúar meirihluta og minnihluta í bærstjórn, fulltrúar landeigenda, fulltrúi ferðamálasamtaka á svæðinu, fulltrúi Ferðamálastofu og fulltrúar Umhverfisstofnunar.

## 6. Valnefnd

Tilboð verða metin eftir eftirfarandi þáttum sem skilgreindir eru í mikilvægisröð:

1. Færni í framsetningu teikninga og myndefnis, sbr. fyrri verk.
2. Heildarverðs tilboðsgjafa.
3. Hæfileika í mannlegum samskiptum.

Látrabjargsnefnd mun leggja fram tillögu um ráðgjafa til bæjarráðs Vesturbyggðar úr hópi umsækjenda á grundvelli þeirra matsþátta sem tilgreindir eru hér að ofan. Bæjarráð Vesturbyggðar hefur endanlegt vald yfir ákvarðanatökunni.

Hér með er óskað eftir tilboðum í verkefnið skv. framangreindri forskrift að deiliskipulagi fyrir Látrabjargssvæðið.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Sturludóttir,  
bærstjóri Vesturbyggðar